

Starfshópur um miðbæinn – ERINDISBRÉF

Hótel í miðbæ Hafnarfjarðar, málsnr. 1501455

Starfshópurinn starfar samkvæmt samþykkt bæjarráðs frá 29. janúar 2015 og skipulags- og byggingaráðs frá 10. febrúar 2015.

Hlutverk:

Starfshópurinn skal skoða miðbæinn heildstætt með áherslu á atvinnu, uppbyggingarmöguleika og heildarsýn. M.a. útfæri hann tillögur um mögulegar lóðir fyrir hótel í miðbænum og hvernig slík starfsemi gæti stuðlað að aukinni uppbyggingu atvinnu í miðbænum.

Skipan hópsins:

- Borghildur Sturludóttir
- Haraldur L. Haraldsson
- Júlíus Andri Þórðarson
- Pétur Óskarsson

Skipulag:

Starfshópurinn tekur til starfa 26. maí eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt af bæjarráði og starfar hann í umboði ráðsins.

Hópurinn skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti og verður greitt fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar, að hámarki 10 sinnum. Með starfshópnum starfa starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar eftir þörfum. Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir bæjarráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til bæjarráðs 1. október 2015.